

## AUGLÝSING

um

80  
2. desbr.

**viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 og viðauka við þá auglýsingu, dags. 27. des. 1926 og 21. nóv. 1927, um innflutningsbann.**

Innflutningsbann það, er um getur í auglýsingu 10. des. 1926 og viðauka við þá auglýsingu, dags. 27. des. 1926, skal ennfremur ná til Frakklands, Sviss, Póllands og Tjekkoslavakíu og einnig skal innflutningsbann það, sem um ræðir í auglýsingu 21. nóv. þ. á. um viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 ná til: Hollands, Belgíu, Þýskalands, Sviss, Frakklands, Póllands og Tjekkoslavakíu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. des. 1927.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vigfús Einarsson.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Aðalsteins Ólafssonar frá Hvallátrum, útgefin á venjulegan hátt <sup>5. desbr.</sup> ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 5. desember 1927. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**minningarsjóð Aðalsteins Ólafssonar frá Hvallátrum.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Aðalsteins Ólafssonar“ og er stofnaður af fjelaginu „Árblik“ í Flateyjarhreppi, til minningar um Aðalstein Ólafsson búfræðing frá Hvallátrum á Breiðafirði, er dó 26. apríl 1923.